

Föstudaginn 27. nóvember 1953.

Nr. 147/1950. **Ágúst Jónsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Vilhjálmí Pálssyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir **Árni Tryggvason**,
Jón Ásbjörnsson, **Jónatan Hallvarðsson**, **Þórður Eyjólfsson**
og **próf. Ólafur Lárusson**.

Frávísun frá héraðsdómi. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. nóvember 1950. Eru dómkröfur hans þessar:

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur og munnlegur flutningur málsins á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 23. október 1950 verði ómerktir og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Varakrafa: Að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu og réttarfarssekt umboðsmanns áfrýjanda felld niður.

Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur stefnt þeim Einari Arnalds borgardómara, Jóni Bjarnasyni borgardómarafulltrúa og Unnsteini Beck tollstjórafulltrúa til réttargæzlu, en enginn hefur komið fyrir Hæstarétt af þeirra hálfu.

Mál þetta er mjög vanreifað í héraði af hálfu stefnda, sem þar var sækjandi málsins. Hann taldi þar meðal annars áfrýjanda til skuldar fæði manna, er unnið höfðu á vegum áfrýjanda, alls 619 daga. Reiknar stefndi fæðið kr. 16.00 á dag, eða samtals kr. 9904.00, að fráðregnum kr. 6190.00, er áfrýjandi hafi þegar greitt. Miðar stefndi fæðisgjaldið við það, að hann hafi bæði lagt til efni í fæðið og matreiðslu þess. Áfrýjandi hefur hins vegar í greinargerð og aðiljaskýrslu í

héraði og einnig hér fyrir dómi fullyrt, að hann hafi lagt til allt efni í fæðið, en stefndi aðeins annazt matreiðslu þess. Í greinargerð sinni í héraði segir stefndi, að áfrýjandi hafi átt að kaupa efnið í fæðið, en að hann (stefndi) hafi síðan átt að endurgreiða honum það. Er málflutningur stefnda um þetta efni svo óljós í greinargerð hans og aðiljaskýrslu í héraði og gagnaöflun af hans hálfu bæði um þenna kröfulið og aðra svo ófullkominn, að héraðsdómari hefði átt að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar. Í héraðsdómi er lagt til grundvallar, að stefndi hafi lagt til efni í fæðið, en ekki vikið að gagnstæðum staðhæfingum áfrýjanda um það, og verður þó ekki séð, að áfrýjandi hafi í munnlegum málflutningi í héraði fallið frá þessari varnarástæðu.

Er munnlegur málflutningur fór fram í máli þessu á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 23. október 1950, setti Unnsteinn Beck, þáverandi fulltrúi borgardómara, bæjarþingið og stýrði þinghaldi fyrst í stað. Eftir að málflutningur hafði farið fram um hríð, varð nefndur dómari að víkja úr þinghaldi vegna lasleika. Tók þá sæti hans Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, er viðstaddur hafði verið í bæjarþinginu, frá því að málflutningur hófst. Hélt hann síðan þinghaldinu áfram, án þess að láta málflytjendur flytja málið af nýju frá upphafi. Þá hafði dómariinn og aðeins einn þingvott við þinghaldið, og er það brot á ákvæðum 41. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt framansögðu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi. Er þá jafnframt felld úr gildi ákvörðun héraðsdóms um réttarfarssækt umboðsmanns áfrýjanda í héraði, þar sem eigi verður talið, að í staðhæfingu hans hafi falizt aðdróttun, er við lög varði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk og vísast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Vilhjálmur Pálsson, greiði áfrýjanda, Ágústi Jónssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. nóv. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Vilhjálmur Pálsson bifreiðarstjóri, Urðarbraut 1 í Smálöndum, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 5. október 1948, gegn Ágústi Jónssyni rafvirkjameistara, Barónsstíg 53, hér í bænum, til greiðslu skuldakröfu að fjárhæð kr. 7214.93 með 6% ársvöxtum frá 5. maí 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu. Til vara hefur stefndi krafizt, að kröfu að fjárhæð kr. 193.35, sem hann telur sig eiga á hendur stefnanda, verði skuldajafnað við kröfur hans, að svo miklu leyti sem til hrekkur.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir: Frá 4. apríl 1947 til 5. maí 1948 var stefnandi bústjóri á búi stefnda að Hraunkoti í Grímsnesi. Laun hans voru samkvæmt samningi kr. 2000.00 á mánuði. Kona stefnanda annaðist heimilisstörf á búinu, en virðist eigi hafa tekið laun hjá stefnda. Meðan stefnandi var fyrir búinu, störfuðu þar einnig aðrir menn á vegum stefnda að byggingu nýs íbúðarhúss o. fl. Höfðu þeir fæði hjá stefnanda, meðan þeir unnu þarna, og reiknar hann sér kr. 16.00 í endurgjald fyrir dagsfæði hvers manns, en alls hafði hann verkamenn þessa í kosti 619 daga. Af þessu hefur stefndi greitt 10.00 kr. fyrir hvert dagsfæði. Þá krefur stefnandi stefnda um kr. 3345.93, sem er viðgerðarkostnaður á bifreið stefnanda vegna skemmda, sem hann telur hana hafa orðið fyrir við notkun í þjónustu stefnda.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt loforði stefnda hafi hann átt að fá greidda hæfilega þóknun fyrir fæði handa verkamönnum þeim, er stefndi hafði á búinu, bæði fyrir efni til matreiðslu og vinnu við hana. Telur hann endurgjald það, sem hann reiknar sér, sanngjarnt, enda hafi fæðiskostnaður verkamanna á þessum tíma, t. d. við síldveiðar, tíðum numið kr. 30.00 á dag og jafnvel allt að kr. 40.00. Stefnandi kveðst hafa notað jeep-bifreið, sem hann á, til nauðsynlegra starfa í þágu búins, enda hafi stefndi ætlast til þessa. Við notkunina telur stefnandi bifreiðina hafa skemmzt og nemi viðgerðarkostnaður og benzíneyðsla, sem stefnda beri að greiða, kr. 3345.93. Loks krefst stefnandi endurgreiðslu á kr. 155.00, sem hann telur sig hafa greitt fyrir stefnda.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að hann skuldi stefnanda ekkert. Fæðiskostnað verkamanna telur hann sig hafa greitt að fullu með kr. 10.00 fyrir hvern fæðisdag. Verði það að teljast full greiðsla, þegar þess sé gætt, að ekki hafi verið svo um samið eða til þess ætlast, að vinnu við matreiðslu ætti að greiða. Sú vinna hafi verið falin í starfi stefnanda og konu hans við bústjórn á heimilinu. Stefndi neitar, að honum sé á nokkurn

hátt viðkomandi kostnaður við bifreið stefnanda. Kveðst hann ekki hafa óskað þess, að stefnandi notaði bifreiðina í þágu búsins, enda hafi slíkt verið óþarft.

Við munnlegan flutning málsins lagði umboðsmaður stefnda fram vélritað skjal, dags. 3. júní 1948, undirritað með nafni stefnanda vélrituðu. Er þetta reikningur um viðskipti málsaðilja varðandi bíuið í Hraunkoti. Á skjali þessu er fæði verkamanna, sem unnu við bíuið, reiknað kr. 12.00 á dag. Umboðsmaður stefnanda mótmælti því, að skjal þetta væri bindandi fyrir umbjóðanda sinn og taldi, að ef svo væri, að skjalið stafaði frá honum, þá mundi þar aðeins vera um samkomulagstilboð að ræða. Gegn þessum mótmælum verður eigi unnt að byggja á skjali þessu sem bindandi fyrir stefnanda. Telja verður kröfu stefnanda um kr. 16.00 á dag fyrir fæði hvers verkamanns í hóf stillt, enda hefur á engan hátt verið sýnt fram á hið gagnstæða og sú staðhæfing stefnda er með öllu ósönnuð, að stefnandi eigi ekki rétt á að reikna endurgjald fyrir vinnu við matreiðslustörf. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda, að því er þennan lið varðar, að frádregnu því, sem stefndi hefur þegar greitt, og á því stefnandi að fá greiddar af þessum kröfuið kr. $6 \times 619 = 3714.00$. Ósannað er gegn mótmælum stefnda, að stefnandi hafi notað bifreið sína í þágu búsins vegna brýnnar þarfar við búreksturinn eða fyrir tilmæli stefnda. Verður krafa stefnanda, sem á því er byggð, því eigi tekin til greina. Stefndi hefur við yfirheyrslu hér fyrir dómi eigi treyst sér til að mótmæla endurgreiðslukröfu stefnanda, kr. 155.00, og verður hún því tekin til greina. Um stefnanda er sama að segja, að því er gagnkröfu stefnda, kr. 193.35, varðar, og ber því að reikna hana til frádráttar kröfum stefnanda. Samkvæmt framanrituðu ber því stefnda að greiða stefnanda kr. 3675.65 ($3714.00 + 155.00 - 193.35$) með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Við munnlegan flutning málsins viðhafði umboðsmaður stefnda, Magnús Thorlacius hrl., þau orð og bað sérstaklega um að þau yrðu bókuð, að hann hefði ekki mætt við aðiljayfirheyrslu 1. júní 1949, eins og greini í þingbók embættisins, heldur hafi fulltrúi hans, Oddgeir Magnússon hdl., sótt þing. Í þessu felst aðdróttun í garð dómara um að bóka rangt í þingbók, sett fram á óviðurkvæmilegan hátt í opinberu þinghaldi. Þessum ummælum sínum hefur hæstaréttarlögmaðurinn á engan hátt fundið stoð og þykja þau varða við 5. töluið 188. gr. einkamálalaganna nr. 85 frá 1936. Ber því að dæma hæstaréttarlögmanninn til þess að greiða 150 króna sekt í rikissjóð, en sæta 2 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Ágúst Jónsson, greiði stefnanda, Vilhjálmi Pálssyni, kr. 3.675.65 með 6% ársvöxtum frá 5. maí 1948 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað.

Lögmaður stefnda, Magnús Thorlacius, greiði 150 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 2 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í málinu.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. nóvember 1953.

Nr. 106/1949. **H/f Fell** (Theódór B. Líndal)

gegn

H/f Maí (Guttormur Erlendsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara **Hæstaréttar**.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen bæjarfógeti og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1949. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 61100.00 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1947 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst aðaláfrýjandi og viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Marz, RE 27, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 20. september 1949. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 49.500.00 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1947 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi að mati Hæstaréttar.

Meta verður það stjórnendum v/b Marz til vangæzlu, að þeir létu kasta fyrir síld svo nálægt v/b Felli, sem málsatvik sýna. Máttu þeir og sjá, að skipverjar á v/b Felli voru þá önnur kafnir við að koma nót með síld upp að hlið vélbátsins